



Keflavík íþrótt- og ungmennafélag

560. stjórnarfundur fimmtudagur 4. mars 2021 kl. 18:00

Mættir:

Einar Haraldsson, Kári Gunnlaugsson, Birgir Már Bragason, Eva Björk Sveinsdóttir, Jónína Steinunn Helgadóttir, Björg Hafsteinsdóttir og Sveinbjörg Sigurðardóttir. Garðar Már Newman fjarverandi.

1. Skipting stjórnar

Tillaga formanns að sömu skiptingu og var síðasta ár. Kári varaformaður, Eva Björk ritari, Garðar gjaldkeri og Birgir meðstjórnandi. Varamenn Jónína, Sveinbjörg og Björg. **Tillagan samþykkt.**

2. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð yfirfarin og samþykkt.

3. Innkomin bréf

Tölvupóstur frá knattspyrnudeild. Ósk um afnot af Hringbraut 108. Tekið jákvætt í erindið, framkvæmdastjóra falið að ræða við stjórn knattspyrnudeildar og kanna með ástand hússins. Tölvupóstur frá Hilmu H. Sigurðardóttir umsjónarmanns verkefnisins „Allir með“. Boð á uppskeruhátíð verkefnisins.

Tölvupóstur frá UMFÍ, fréttabréf. Áhorfendur mega koma á íþróttaviðburði á nýjan leik, Ánægður með að sjá áhorfendur aftur, Góðar fyrir Fossavatnsgönguna og Hægt að sækja um endurgreiðslur vegna launa- og verktakagreiðslna.

Tölvupóstur frá UMFÍ. UMFÍ býður á stefnumót 20. mars á Geysi.

Tölvupóstur frá Sportabler. Sportabler mun leysa Nóra af hólmi.

4. Send bréf

Ýmsir tölvupóstar sendir á stjórnir og ráð.

Tölvupóstur sendur á RSK um nýja stjórn barna- og unglingaráðs knattspyrnudeildar.

Búið að senda inn til Hafþórs Barða Birgissonar þarfagreiningu deilda og félagsins.

Fundargerðir deilda hafa verið sendar á stjórnarmenn aðalstjórnar.

Búið er að skila skattframtali deilda.

5. Aðalfundur félagsins 2021

Aðalfundur Keflavíkur var haldinn 23. febrúar kl. 19:00. Engin boðskort voru send út í ljósi Covid 19 vegna fjöldatakmarka. Fulltrúi UMFÍ Jóhann Steinar Ingimundarson varaformaður UMFÍ, Eva Stefánsdóttir formaður íþrótt- og tómstundaráðs og Hafþór Barði Birgisson íþrótt- og tómstundafulltrúi mættu sem gestir. Fundurinn var í tveimur sóttvarnarhólfum og heildarfjöldi var 26 manns. Aðalfundinum var streymt. Formaður var sjálfkjörinn og voru Kári Gunnlaugsson og Birgir Már Bragason kosnir til tveggja ára inn í aðalstjórn en fyrir eru Eva Björk Sveinsdóttir og Garðar Newman. Jónína Steinunn Helgadóttir, Sveinbjörg Sigurðardóttir og Björg Hafsteinsdóttir voru endurkjörnar í varastjórn. Jóhann Steinar Ingimundarson heiðraði Bjarneyju S. Snævarsdóttur og Svein Adolfsson með gullmerki UMFÍ. Einar Skaftason hlaut Starfsbikar félagsins.

6. Neyðarstyrkur Covid 19

Umræður um umsókn um neyðarstyrk til Reykjanesbæjar. Stjórnin hefur áhyggjur af töfum vegna málsins.

7. Önnur mál

- A.** Samningur við Reykjanesbæ er undirritaður og liggur fyrir á fundinum.
- B.** Samþykkt að kaupa aðgangskort á körfuboltaleiki fyrir stjórnarmenn.
- C.** Umræða um styrktarþjálfun og fræðslu um mataræði og svefn fyrir unglunga. Birgir Már og Björg ætla að kanna hvernig önnur félög eru að útfæra þetta.

Næsti fundur verður fimmtudaginn 18. mars 2021

Fundi slitið kl. 19:00

Fundinn ritaði Eva Björk